

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 313 2. júlí 1991 um aðlögun fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjárafurða að innanlandsmarkaði, með síðari breytingu.

1. gr.

5. mgr. 27. gr., sbr. 2. gr. rg. nr. 183/1992, orðast svo:

Greiðslur vegna niðurfærslu fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjárafurða skulu greiddar handhafa réttar beinna greiðslna á lögbylinu vegna framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1993-1994 samkvæmt skráum Framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. janúar 1993. Þetta gildir þó ekki ef gert er samkomulag á milli ábúanda og eiganda lögbylis, þegar ekki er um sömu aðila að ræða, um annan hátt á greiðslum, enda berist skrifleg tilkynning þess efnis til landbúnaðarráðuneytisins fyrir 31. janúar 1993. Taki leiguliði við greiðslunum getur eigandi lögbylis óskað eftir því við ábúðarlök að tekið verði tillit til þeirra við mat skv. 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, að því marki sem þær teljast bætur fyrir skerðingu á búrekstraraðstöðu eftir lok ábúðartímans.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. janúar 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um fullnustu refsíðoma.

1. gr.

Fangelsismálastofnun tekur við refsíðomum til fullnustu frá ríkissaksóknara og Hæstarétti og öðrum dómum þar sem refsing er ákveðin. Sektardóma sendir stofnunin viðkomandi lögreglustjórum til fullnustu.

Stofnunin annast fullnustu varðhalds- og fangelsisdóma.

Fangelsismálastofnun felur viðkomandi lögreglustjórum innheimtu sakarkostnaðar og skal innheimtan falin þeim með úrskurði þar um.

2. gr.

Stofnunin tilkynnir dómþola um dóm hans og hvenær hann skuli mæta til afplánunar. Mæti dómþoli ekki til afplánunar á þeim tíma sem ákveðinn er í tilkynningu felur stofnunin viðkomandi lögreglustjóra að hafa upp á honum og færa hann í fangelsi.

3. gr.

Leiti dómþoli eftir fresti á að hefja afplánun er stofnuninni heimilt að veita hann, ef sérstakar aðstæður dómþola mæla með, í allt að sex mánuði frá þeim tíma er dómþoli átti upphaflega að hefja afplánun.